

Fugl á grein


ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að flytja náttúruna inn og setja fugl á grein.

Eflir hæfni í verklegu námi. Þjálfar leikni í vali á aðferðum og eykur hæfni í útfærslu verkefna.

Námsgreinar: Umhverfismennt, stærðfræði og myndmennt.

Aldur: Yngsta stig.



VERKLÝSING

Nemendur fara út og finna sér trjábút, frekar sveran. Á hann gera þau svo fugl.

Fuglinn er gerður þannig: Búinn er til stór dúskur úr garni. Á hann er síðan útbúinn goggur og augu úr pappír. Að lokum eru settir steinar fyrir fætur. Þannig kemst jafnvægi á trjábútin.

Þá er hægt að nýta fuglinn á greininni sem grunn að óróa. Halda mætti áfram og föndra myndir af því sem fuglar þurfa til að lifa af, til að tengja frekari þekkingu á fuglum við verkefnið.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Garn og annað efni í dúsk. Greinaklippur eða sög til að finna efni í greinabúta fyrir nemendur. Pappír í gogg og augu. Nemendur finna einnig steina fyrir fætur.